

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Vaskur ehf.

kt. 440594-2209

Starfsstöð: Miðás 7, 700 Egilsstaðir

Gildistími: frá 21.júní 2022 til 21. júní 2034

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Þvottahúsi og efnalaug auk sölu á hreinlætisvörum**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma sem og:

- Starfsreglur fyrir efnalaugar sem koma fram í fylgiskjali I**
- Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfssemi sem koma fram í fylgiskjali II**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

## Fylgiskjal I

# Starfsreglur fyrir efnalaugar

## Húsnæði

Fyrirtæki skal halda húsnæði og umhverfi snyrtilegu. Sorphirslur skulu standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.

## Kröfur til fyrirtækis vegna umhverfis og nágranna

### 1. Hávaðamengun:

Fyrirtækinu ber að takmarka hávaða frá starfseminni eins og kostur er. Takmarka skal umhverfishávaða innan þeirra marka er reglugerð nr. 724/2008 um hávaða gerir ráð fyrir.

### 1. Loftmengun:

- Útblæstri lofts frá fyrirtækinu skal þannig hátað, að það valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum. Þá skal ekki beina útblæstri frá vinnurými út þar sem mannaferða er að jafnaði von, s.s. yfir gangstéttum og bílastæðum nema útblástursop sé í a.m.k. 3ja m hæð og loftstraumi sé ekki beint niður á við.
- Loftræsting frá vélum skal leidd upp fyrir þak húsnæðis.

### 2. Mengun frá fráveitu:

- Óheimilt er að losa hættulegan efnaúrgang í fráveitu.
- Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að aðstaða verði útbúin til sýnatöku af fráveituvatni telji það þess þörf.

## Notkun og meðferð hættulegra efna

- Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt og í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.
- Umbúðir hættulegra efna skulu merktar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990 sem er um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og vörutegunda sem innihalda slík efni.
- Hættuleg efni, sem notuð eru daglega, skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau berist hvorki niður í niðurföll né geti á nokkurn annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni hjá almenningi.
- Með hættuleg efni fari einungis starfsfólk, sem hefur fullnægjandi þekkingu á eiginleikum þeirra efna, sem það vinnur með.

## Meðferð á hættulegum úrgangi, spilliefnum

- Olíuleifar, olíusori, eimingar- og síuleifar, leifar perklórs og flúorkarbons svo og óhreinindi frá perklórvélum og flúorkarbonvélum (vélum sem nota kolflúorkolefni) teljast til hættulegs efnaúrgangs. Óheimilt er að láta slíkan úrgang í niðurföll eða blanda öðrum úrgangi.
- Hættulegum úrgangi, sbr. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, skal skila til viðurkenndra móttökustöðva eða annarra staða sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir og ber fyrirtækinu að kosta eyðingu hans.
- Hættulegur efnaúrgangur skal varðveittur í lokuðum úrgangsilátum er þola viðkomandi efni. Íllátin skulu vera vel merkt og þannig frá þeim gengið að engin hætta sé á blöndun efnaúrgangs við annað sopp né heldur að óviðkomandi hafi aðgang að honum. Staðsetning skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

### **Mengunarvarnir og viðmiðunarmörk mengunar**

Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og rykskiljum, skal ávallt vera með þeim hætti, að losun hættulegra efna út í umhverfið verði í lágmarki. Ef magn/styrkur ákveðinna efna í útblásturslofti eða fráveituvatni er yfir viðmiðunarmörkum, er fyrirtækinu skylt að gera allt sem í þess valdi stendur til að draga úr mengun. Séu reglugerðarákvæði um viðmiðunarmörk ákveðinna efna ekki fyrir hendi getur heilbrigðiseftirlitið ákveðið slík mörk.

### **Eigið eftirlit**

Fyrirtækinu er skylt að halda dagbók þar sem jafnóðum er skráð m.a.:

- a) Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. ef bilanir verða á vélum, vart verður við leka eða önnur slys og óhöpp.
- b) Innkaup síunarefna og efna sem geta orðið að hættulegum úrgangi sbr. viðauka 4 í mengunarvarnareglugerð.
- c) Upplýsingar um viðhald, viðgerðir, skiptingu á síum o.s.frv.
- d) Magn hættulegs efnaúrgangs sem skilað hefur verið til móttökustöðvar. Fyrirtækið skal sjá um að það fái til varðveislu kvittaða móttökuseðla frá móttökustöð þar sem fram komi m.a. magn úrgangsefna og dagsetning afhendingar.

### **Starfsemi hætt.**

1. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður eða eigendaskipti verða.
2. Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efnaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir hættulegan úrgang. Ónotuð hættuleg efni skulu seld, þeim skilað eða ráðstafað á annan hátt í samráði við heilbrigðisnefnd.

### **Vinnuástaða starfsfólks**

1. Um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum samkvæmt þeim.
2. Frágangur hreinlætistækja, snyrtiherbergja og matstofa skal vera í samræmi við ákvæði heilbrigðisreglugerðar.

### **Efni á bannlista**

1. Notkun klórflúorkolefna (flúorkarbon) er bönnuð.
2. Við kaup á tækjum til þurrhrensunar á fatnaði ber fyrirtækjum að reyna að draga úr notkun perklórs. Vélar með lokuð kerfi nota minna magn perklórs.

## Fylgiskjal II

# ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.
- 1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla. (reglugerð 550/2018)
- 1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

## 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

- 2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt soppílát.
- 2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- 2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

### 3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.2 Lofttræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.
- 3.3 Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- 3.4 Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.
- 3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.
- 3.8 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.

### 4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
- 4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi.

## Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.

4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.

4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

## 5. EFTIRLIT

5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.*

21. júní 2022

## Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Þvottahús og efnalaug Miðási 7 á Egilsstöðum

Umsókn um endurnýjað starfsleyfi fyrir þvottahúsi og efnalaug að Miðási 7 á Egilsstöðum barst þann 20.04.sl Umsækjandi var Vaskur ehf. kt. 440594-2209

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 23.5. 2022, 4 vikna frestur til að skila inn athugasemdum rann því út þann 20. júní sl.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið í dag með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingafyllst



Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi